

## Fundargerð stjórnarfundar 19.jan. 2011

Staður: Hamraborg 18, Kópavogi.  
Tími: 19.jan. 2011, kl. 20 – 22.30  
Viðstaddir:

Fulltrúi Heiðarbrautar: Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG)  
Fulltrúi Gilbrautar: Sveinn Baldursson (SB)  
Fulltrúi Hólsbrautar: Valdimar Reynisson (VR)  
Fulltrúi Dalbrautar: Hjalti Elíasson (HE)  
Fulltrúi Keldudals: Guðrún S. Ólafsdóttir (GSÓ)  
Fulltrúi Króks: Hannes Siggason (HS)

Forföll boðuðu:

Fulltrúi Hlíðarbrautar: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)

---

### Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- 1) Farið yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar, lýst eftir athugasemdum og fundargerðin borin upp til samþykktar (Umsj. SG)
- 2) Fjárhagsstaða félagsins (Umsj. GSÓ)
- 3) Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsj. HE)
- 4) Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010-2011 – Sjá fylgiskjal með fundarboði. (Umsjón yfirferðar HS en allir stjórnarmeðlimir eiga verkefni á listanum)
- 5) Önnur mál (Allir)

---

### 1) Farið yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar, lýst eftir athugasemdum og fundargerðin borin upp til samþykktar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt án athugasemda og undirrituð. HS hafði athugað hvort fundargerð síðasta stjórnarfundar væri komin inn á heimasíðuna. Svo reyndist ekki vera. HS. mun athuga málið við ERS

### 2) Fjárhagsstaða félagsins

Á reikningi félagsins eru nú kr. 130.355.-  
Á ávísanareikningi félagsins eru kr. 16.875.-  
Ákveðið var að hætta að senda út giróseðla fyrir árgjaldi félagsins og nota heimabankann í staðinn.

### 3) Fréttir af stjórnarstörfum

HE sagði að lítið væri að fréttu. Engar nýjar fréttir af okkar málum.

#### 4) Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010-2011. Sjá fylgiskjal með fundargerð.

##### Verkefni nr. 1. Hagsmunamál landnema gagnvart SR:

###### 1.1 Endurgreiðsla leigu árið 2010 til þeirra landnema sem eru með lönd án vegasambands

*Rætt var um endurgreiðslu á leigugjöldum frá SR til HS og annara sem ekki gátu komist að löndum sínum sumarið 2010, en greiddu leigugjaldið.*

*Einhverjir landnemar höfðu tjáð sig um að ekki væri rétt að krefjast 100% niðurfellingar gjalda þar sem því fylgdi sú hættu að SR muni þá ekki fara í neinar vegaframkvæmdir. Stjórn SR samþykkti í nóv. 2010 að fella niður leigugjald Hannesar Siggasonar vegna Króks nr. 3 árið 2010 en hann er sá eini sem óskaði eftir því með formlegum hætti.*

*Á stjórnarfundum SR í nóv. 2010 samþykkti stjórnin að fella niður leigugjöld allra á Fellsmörk árið 2010 sem ekki gátu ekið að löndum sínum. Þetta mun hafa bókast í fundargerð fundarins með þeim hætti að þetta ætti eingöngu við um landnema að Króki nr. 3. HE hefur gert athugasemd við þetta við framkvæmdastjóra SR og mun taka málið upp á næsta stjórnarfundum SR sem hefur verið boðaður 2. febr. n.k. Ef þessu fæst ekki breytt var ákveðið að HS muni rita SR bréf í samráði við þá landnema sem eru án samgangna og óska eftir niðurfelingu eða endurgreiðslu á leigu ársins 2010. Nauðsynlegt er að slíkt bréf – ef til þess kemur – verði undirritað af þeim landnemum sem óska eftir að gera athugasemd vegna þess að um er að ræða einstaklingssamninga milli viðkomandi landnema og SR.*

*HS lagði til við HE að hann kannaði hvort giróseðlar yrðu sendir út fyrir leigugjöldum ársins 2011 ef ennþá verður óökufært að einhverjum löndum.*

###### 1.2 Varanlegar stofnbrautir á austursvæði:

*Rætt var um ýmsa möguleika varðandi varanlegar stofnbrautir.*

###### 1.3 Varanlegar stofnbrautir á vestursvæði:

*Sjá 1.2*

###### 1.4 Nýir leigusamningar við SR:

*Óbreytt staða*

###### 1.5 Varanlegir varnargarðar vegna vatnsfalla – Viðhald varnargarða:

*Þetta verkefni fellur inn í verkefni nr. 1.2 og 1.3.*

###### 1.6 Varanlegir vegslóðar að öllum lóðum landnema – Viðhald vegslóða:

*Óbreytt staða*

###### 1.7 Varanlegar fjárheldar girðingar umhverfis Fellsmörkina:

*Óbreytt staða*

##### Verkefni nr. 2 Hagsmunamál landnema gagnvart öðrum en SR:

###### 2.1 Rafmagn á Fellsmörk – Athugun á kostnaði og möguleikum:

*Ekki hafa fengist svör við fyrirspurnum GSÓ um kostnað vegna lagna á heimtaugum fyrir rafmagn. Ákveðið var að GSÓ sendi formlegt bréf til RARIK á Hvolsvelli varðandi málið.*

##### Verkefni nr. 3 Landgræðsluskógaverkefnið á Fellsmörk:

###### 3.1 Undirbúningur fyrir sumarið 2011:

*HS mun sækja um plöntur vorið 2011 í samráði við stjórn FLÁF.*

##### Verkefni nr. 4 Fræðslumál félagsmanna:

###### 4.1 Árlegur fræðslu- og upplýsingafundur:

*Ákveðið var að færa fræðslufundinn fram í janúar frá og með næsta ári og sjá hvort það ber betri árangur hvað varðar mætingu. Ákveðið var að leita leiða til að fá fyrirlesara sem er viljugur til að miðla þekkingu sinni án endurgjalds. Valdimar Reynisson er tilbúinn til að taka það að sér. Við munum einnig huga að því að halda fundinn í húsi SR við Elliðavatn þar sem það stendur okkur til boða endurgjaldslaust.*

**Verkefni nr. 5 Upplýsingar til félagsmanna:**

**5.1. Heimasíðan:**

*Rætt var um vinnu ERS varðandi heimasíðuna. Hann vill halda áfram með hana. SB er tilbúinn til að aðstoða ERS ef hann óskar eftir.*

**Verkefni nr. 6 Stefnumótun**

**6.1 Stefnumótun Félags landnema á Fellsmörk:**

*Áhugi er fyrir því að gera félagið sýnilegra og að móta stefnu félagsins. Ákveðið að fresta þessari vinnu til næsta hausts.*

**5) Önnur  
Engin**

Fundi slitið um kl. 21.35

Fundargerðina ritaði Sigurlaug Guðmundsdóttir

**Dreifing:**

- Stjórn félagsins
- Heimasíða félagsins

**Fylgiskjöl fundargerðar:**

- Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010 – 2011, útg. 2 – 21.10.2010

**Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir:**